



Náttúrustofa
Norðausturlands

Verndaráætlun
Vatnajökulspjóðgarðs
Íbúafundur í Skúlagarði
21. febrúar 2009

Sigprúður Stella Jóhannsdóttir



Efni



- Tilgangur verndaráætlunar.
- Mörk og svæðisskipting þjóðgarðsins.
- Vinnuferli og viðfangsefni verndaráætlunar.
- Vatnajökulþjóðgarður og tengsl við aðliggjandi svæði í Norðurþingi.
- Verndaráætlun og aðalskipulag.



Vatnajökulspjóðgarður



Vatnajökulspjóðgarður myndar dýnamíska heild þar sem sterk öfl, eldar, ísar og vatn móta landið stöðugt. Það land sem myndast, hefur að geyma fjölbreytt svæði mannláusra víðerna og byggðra svæða þar sem Íslendingar hafa háð harða lífsbaráttu í skjóli jökuls. Svæðið hefur að geyma mikinn jarðfræðilegan og líffræðilegan fjölbreytileika ásamt miklum andstæðum forma og lita. Fjölbreytni og stöðug landmótun svæðisins býður uppá fjölbreytta útivistarmöguleika, tækifæri til innblásturs og listsköpunar, og rannsókna og fræðslu um landmótun og samspil náttúru og mannlífs.

Vatnajökulspjóðgarður skapar jaðarbyggðum hans tækifæri sem fela í sér náttúrufarslegan, menningarlegan, félagslegan og efnahagslegan ávinning.

Tilgangur verndaráætlunar

- Tryggja samfellu í stjórnun þjóðgarðsins.
 - Tæki til stjórnunar.
- Greina sérstöðu svæðisins, greina hættur og tækifæri, greina mismunandi hagsmuni og árekstra. Leggja fram raunhæfar lausnir.
- Móta skýra framtíðarsýn.
- Tryggja skilvirka ákvarðanatöku og stjórnun sem byggir á góðri þekkingu á auðlindum þjóðgarðsins; náttúrufarslegum, menningarlegum, félagslegum og efnahagslegum.
 - Tryggja jafnvægi milli verndunar og nýtingu auðlinda.
 - Tryggja bæði verndun og viðhald auðlinda og mismunandi upplifun og tækifæri gesta.
 - Stuðla að vöktun og rannsóknum.
 - Meta árangur og tryggja eftirfylgni.
- Tryggja samráð og samskipti.



Mörk þjóðgarðs




Þjóðgarður stofnaður skv. reglugerð 7. júní 2008.

- Norðursvæði
- Austursvæði
- Suðursvæði
- Vestursvæði

Önnur friðlýst svæði í umsjá Vatnajökulsþjóðgarðs með samningi við Umhverfisstofnun.

- Náttúruvættið Dettifoss, Selfoss, Hafragilsfoss og nágrenni.
- Herðubreiðarfriðland.
- Náttúruvættið Askja í Dyngjufjöllum.
- Hvannalindafriðland.
- Friðland í Kringilsárrana.
- Friðland í Lónsöræfum.



Verkferli verndaráætlunar

Undirbúningur

Lýsing

S

Hverjar eru auðlindirnar?
Hver er ramminn?

Greining

a

Hver eru áhersluatriðin?
Tækifæri og hættur

Stefna

m

Framtíðarsýn til langs tíma

Aðgerðir

r

Hvað ætlum við að gera og hvernig?
Markmið og leiðir að markmiðum

Áhrif áætlunar

á

Hvaða áhrif hefur áætlunin?
Umhverfisskýrsla

ð

Endurskoðun og mat á árangri

Hvernig mælum við áhrifin?
Vöktun


Þjóðgarðurinn og nálæg svæði



Svæðisráð og stjórn

Vatnajökulsþjóðgarðs um jaðarsvæði þjóðgarðsins á samráðsfundi 3. október 2008.

- *Leggur áherslu á að samræma aðalskipulag sveitarfélaga og verndaráætlun.*
- *Leggur áherslu á að horft verði sérstaklega til verndun landslagsheilda.*
- *Leggur áherslu á að ferðaþjónusta VP nýtist samfélaginu.*
- *Leggur áherslu á að ferðaþjónusta VP sé byggð upp á jaðarsvæðum þjóðgarðsins.*
- *Leggur áherslu á að jaðarsvæði og tengsl þeirra við þjóðgarðinn séu skoðuð í góðu samstarfi við sveitastjórnir og landeigendur viðkomandi svæða.*




Þjóðgarðurinn og nálæg svæði



Hvað eru jaðarsvæði VP?

- Svæði sem deila einstökum landslagsheildum með VP.
 - Svæði sem deila einstökum náttúruminum með VP.
 - Svæði þar sem samlegðaráhrif eru mikil vegna landnotkunar sem á sér stað innan VP eða á jaðri hans.
- Vinsæl ferðamannasvæði.
 - Þjónustusvæði þar sem gestum VP er veitt þjónusta.
 - Ræktun, t.d. landgræðsla og skógrækt.
 - Önnur landnotkun, t.d. námuvinnsla, sumarhúsabyggðir og fleira.



Þjóðgarðurinn og nálæg svæði





Af hverju að horfa á jaðarsvæði VP?

- Heildarmynd – heildarímynd svæðisins.
- Náttúran á sér engin landamæri.
- Samlegðaráhrif landnotkunar.
- Samráð og samvinna mikilvæg.





Þjóðgarðurinn og nálæg svæði í Norðurþingi






Þjóðgarðurinn og nálæg svæði í Norðurþingi



1. Náttúruvættið Dettifoss, Selfoss, Hafragilsfoss og nágrenni.
2. Gljúfrin austan ár.
3. Vesturbarmur Ásbyrgis og hluti Meiðavallaskógar.
4. Sandur norðan Ásbyrgis.
5. Landræma (200 m) meðfram Jökulsá til sjávar og sunnan Dettifoss.
6. Grjótháls.





Hvar er mesta skörunin milli aðalskipulags og verndaráætlunar?



1. Heildarímynd og sérstaða svæðisins.

- Náttúrufar.
- Menning og saga.
- Félagsleg fyrir íbúa og gesti.
- Efnahagsleg fyrir íbúa.
- Alþjóðleg.



Hvar er mesta skörunin milli aðalskipulags og verndaráætlunar?



2. Þjónustusvæði þjóðgarðsins og uppbygging þeirra.

- Tengsl þjóðgarðs og aðliggjandi svæða varðandi þjónustu.
- Hvar eiga þjónustusvæði að vera, hversu stór eiga þau að vera og hversu mikla þjónustu á að veita þar?
Hverjir veita þá þjónustu?
 - T.d. mynni Ásbyrgis og Dettifoss beggja vegna ár. Fleiri svæði?



Hvar er mesta skörunin milli aðalskipulags og verndaráætlunar?



3. Samlegðaráhrif þjóðgarðsins og annarra sérstæðra/mikilvægra svæða í Norðurþingi.

- Styrkur þjóðgarðsins og nálægra svæða liggur meðal annars í miklum fjölbreytileika alls svæðisins.
- Tækifæri á samspili og samvinnu milli svæða, t.d. í upplýsingagjöf, varðandi skipulag (áningastaði, þjónustu og gönguleiðir) og fleira.
- Fjölbreytt svæði bjóða uppá fjölbreyttari möguleika;
 - í náttúrufari, menningu og sögu.
 - í þjónustu.
 - í náttúru- og menningartengdri afþreyingu.

“Já, ég meina. Þau sitja á gullnámu.”



Hvar er mesta skörunin milli aðalskipulags og verndaráætlunar?



4. Verndun landslagsheilda og sérstæðrar náttúru þjóðgarðsins.

- Mannvirkjagerð.
- Ræktun.
- Ásýnd lands.